

Ávörp rektors Háskóla Íslands, Jóns Atla Benediktsson, við klippingu á borða við rampa fyrir utan Aðalbyggingu HÍ og Uppskeruhátíð Römpum upp Ísland

Kl. 15.30

- Það er mér mikil ánægja að bjóða ykkur öll velkomin til vígslu þessa glæsilega hjólastólaramps hér við Aðalbyggingu Háskóla Íslands.
- Eins og kunnugt er er þessi rampur liður í áttakinu „Römpum upp Ísland“ og er þetta hvorki meira né minna en rampur númer 1.756.
- Ramparnir eru um allt land og mér skilst að á háskólasvæðinu einu hafi verið gerðir heilir 210 rampar. Það munar um minna! Rampurinn sem verður vígður hér rétt á eftir er jafnframt veglegasta mannvirkið í áttakinu.
- Háskóli Íslands hefur um nokkurt skeið haft á dagskrá að leysa af hólmi bráðabirgðaramp sem hér hefur verið og með samstarfinu við „Römpum upp Ísland“ var þessu verkefni hrundið í framkvæmd.
- Fjölmargir aðilar hafa komið að framkvæmdinni og vil ég sérstaklega þakka **Nordic Office of Architecture** sem hannaði mannvirkið og Alefli sem var aðalverktaki.
- Það er vandasamt að útfæra svo stórt mannvirki framan við Aðalbyggingu því hún er að hluta til friðuð og táknmynd Háskóla Íslands og þekkt kennileiti í höfuðborginni. Ég vil því nota tækifærið og þakka **Péttri Ármannssyni, arkitekt og sviðsstjóra hjá Minjastofnun, fyrir faglega ráðgjöf við útfærslu þessa mannvirkis sem og við fjölmörg önnur tækifæri.**
- Góðir gestir, við munum fara betur yfir sögu „Römpum upp Ísland“ í Hátíðasal á eftir og ætla ég því ekki að lengja mál mitt frekar. En áður en við vígjum rampinn vill ég þakka Haraldi Inga Þorleifssyni og hans samstarfsfólki fyrir allt hans góða starf og frábært samstarf í kringum verkið og hátíðina. Ég býð nú Margréti Lilju Aðalsteinsdóttur, formanni Sjálfsbjargar og ötlulli baráttukonu fyrir málefnum hreyfihamlaðra, að klippa á þennan rauða borða og vígja

rampinn. Þess má geta að Margrét Lilja vígði jafnframt fyrsta rampinn í átakinu og er því vel við hæfi að hún vígi einnig þann síðasta.

- Til hamingju með daginn!

Kl. 15.00

- Góðir gestir, við erum hér saman komin af einstaklega gleðilegu tilefni því rétt áðan var vígður hér fyrir framan Aðalbyggingu rampur nr. 1.756 í átaksverkefninu „Römpum upp Ísland“ sem jafnframt er síðasti og veglegasti rampurinn. Það hefur sannarlega verið efnt til hátíðar af minna tilefni hér í Hátíðasal Háskóla Íslands!
- Aðgengismál og málefni fatlaðra og hreyfihamlaðra skipa mikilvægan sess í starfi Háskóla Íslands og stefnu hans **og** við vitum **að gera þarf betur**. Í því sambandi má nefna að í núverandi stefnu okkar, HÍ26, er lögð rík áhersla á að fjölbreyttar raddir stúdenta og starfsfólks stuðli að réttlátu samfélagi. Þá hefur Háskólinn í samstarfi við Reykjavíkurborg nýverið lokið við gerð metnaðarfullrar þróunaráætlunar fyrir framtíð háskólasvæðisins og er þar m.a. lögð áhersla á algilda hönnun og aðgengi fyrir öll.

- Aðgengismál eru einnig í forgrunni í jafnréttisáætlun Háskólans.
- Þar er m.a. kveðið á um að aðgengi á háskólasvæðinu sé forgangsmál með úrbótum í samræmi við aðgengisúttektir, að aðgengisupplýsingar séu sýnilegar á vef HÍ, leiðarlínur lagðar í byggingum og fræðsla til nemenda og starfsfólks um jafnrétti í hinum ýmsu víddum aukin.
- Þá hefur um árabíl verið starfandi við skólann sérstakt ráð um málefni fatlaðs fólks skipað nemendum og sérfræðingum.
- Síðast en ekki síst var 20 ára afmæli föltunarfræðinnar við Háskóla Íslands fagnað hér í þessum sal í síðasta mánuði. Hefur fötlunarfræðin við HÍ nú þegar lagt gríðarlega mikið af mörkum til samfélagslegrar þróunar varðandi málefni fatlaðs fólks hér á landi.
- Fyrir hönd Háskóla Íslands vil ég þakka Haraldi Inga Þorleifssyni og hans samstarfsfólki í „Römpum upp Ísland“ fyrir allt þeirra góða starf og frábært samstarf við okkur í Háskóla Íslands.
- Góðir gestir, ég vil að lokum segja þetta: Aðgengismál eru grundvallarmál í háskólastarfinu því hindranalaust aðgengi að háskólamenntun felur jafnframt í sér jafnt aðgengi að tækifærum samfélags og atvinnulífs. Þannig eru aðgengismál í skólastarfi eitthvert áhrifamesta samfélagslega jöfnunartæki sem völ er á.